


# COVID-19

Aðgerðaráætlun, liður 3

Fjölskyldu- og barnamálasvið



**HAFNARFJÖRÐUR**



# Aðgerðaráætlun liður 3

- Gjaldskrá heimaþjónustu verði tekjutengd

- Einstaklingar með tekjur undir 326.300 kr. á mánuði verði gjaldfrjálssir.
- Einstaklingar með tekjur frá 326.300 -391.560 kr. á mánuði greiði 515 kr. fyrir klukkustundina.
- Einstaklingar með hærri tekjur en 391.561 kr. á mánuði greiði 1.040 kr. fyrir klukkustundina.
- Hjón með tekjur undir 530.239 kr. á mánuði verði gjaldfrjálssir.
- Hjón með tekjur frá 530.239 - 636.285 kr. á mánuði greiði 515 kr. fyrir klukkustundina.
- Hjón með hærri tekjur en 636.286 kr. á mánuði greiði 1.040 kr. á mánuði.
- Gjaldið fyrir heimaþjónustu er í dag 757 kr.

- Frístundastyrkur eldri borgara verði tekjutengdur

- Einstaklingar með lægri tekjur en 391.560 kr. á mánuði eigi rétt til frístundastyrks en ekki þeir sem hafa hærri tekjur.
-

# Aðgerðaráætlun liður 3

- **Leigugreiðslur í Drafnarhúsi/Strandgötu 75**

Alzheimersamtökin hafa rekið dagþjálfun fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóma í Drafnarhúsi/Strandgötu 75 til margra ára. Hafnarfjarðarbær hefur styrkt starfið með því að sjá samtökunum fyrir endurgjaldslausu húsnæði. Leigan í Drafnarhúsi er nú 901.000 kr. á mánuði. Í þjónustu í Drafnarhúsi eru að meðaltali 8 einstaklingar úr Garðabæ eða þriðjungur notenda. Eðlilegt er því að krefja Garðabæ um 1/3 leiguverðs eða 300 þús. á mánuði.

- **Lækur, dagþjálfun fyrir geðfatlaða**

Lækur, dagþjálfun fyrir geðfatlaða er í húsnæði að Hörðuvöllum 1 og er mikilvægt að starfsemin komist í húsnæði sem hentar starfinu betur. Lagt er til að Lækur flytjist í húsnæði í eigu sveitarfélagsins í Staðarbergi. Rekstrarkostnaður vegna hússins að Hörðuvöllum 1 myndi dragast saman við þessa breytingu.

- **Úttekt á þjónustu barnaverndar**

Unnið er að úttekt á skipulagi barnaverndar. Tilgangurinn er að fá faglegt og hlutlaust mat á skipulagi starfsins, úrræðum, starfsumhverfi starfsmanna, verkaskiptingu og skilgreiningu á ábyrgðarsviði. Úttektinni er m.a. ætlað að skerpa á verkferlum. Niðurstaða úttektarinnar gæti leitt til hagræðingar í starfi barnaverndar, úrræðum o.fl.



# Þjónusta sem hefur dregist saman vegna COVID-19

- Akstursþjónusta eldri borgara hefur dregist saman sem nemur 2 millj. í mars og apríl og má gera ráð fyrir að sama verði í maí mánuði. Kostnaður vegna aksturs eldri borgara dregst því saman um 6 millj. á árinu.
- Akstursþjónusta fatlaðs fólks hefur dregist saman um 60% í mars og apríl, eða um 20 millj.

